

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29 maí 2015

Efni: Tillögur við frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (endurskoðun höfundalaga, einkaréttindi og höfunda og samningskvaðir) 702 mál.

Í frumvarpi þessu til laga takast á mismunandi hagsmunir, sér í lagi höfunda, rétthafasamtaka og samfélagsins í heild sinni. Oft rekast þó þeir hagsmunir ekki á heldur eru samrýmanlegir upp að miklu magni. Umsögn þessi bendir á hvernig löggin megi betur leiða saman hagsmuni ólíkra hópa. Þá tekur hún sérstaklega til bættra samningsstöðu höfunda utan rétthafasamtaka, almennan rétt á endurnýtingu hugmynda og nýja nálgun á gildistíma höfundaréttar.

Samningsstaða höfunda utan rétthafasamtaka

Í frumvarpi þessu er réttarstaða höfunda utan rétthafasamtaka gerð betri skil. Samningskvaðir tryggja þannig aðgang notenda - t.a.m. útvarpsstöðva og safna - að höfundaréttarvernduðum verkum og stuðla að frekari dreifingu þeirra til fleiri notenda. Mikill ávinningur felst í slíku fyrirkomulagi.

Að sama skapi þarf að tryggja grundvallarréttindi höfunda að verkum sínum. Í fyrirhuguðum lagabreytingum er rétthafasamtökum gefið samningsumboð aðila án þeirra samþykkis. Réttur þeirra aðila, þ.e.a.s. höfunda utan samtaka, er því skertur að því leyti að samtök sem þeir hafa kosið að standa utan hafa nú lagalega heimild til að semja fyrir þeirra hönd.

Því er mikilvægt að fyrirhuguð löggjöf geri ráð fyrir því að höfundar utan rétthafasamtaka, geti rift samningi sem gerður hefur verið í umboði þeirra innan ákveðins tímaramma. Annað fyrirkomulag brýtur stórlega í bága við samningsfrelsi þeirra.

Þessi varnagli er lagður til sem málamiðlun til þess að verja betur rétt höfunda án þess þó að skerða þann ávinning sem slíkt fyrirkomulag felur í sér.

Mikilvægt er að nægur tími sé fyrir höfunda að átta sig á og hugsa sig um hvort þeir vilji gangast við slíkum samningi. Hins vegar má fresturinn ekki vera of langur til að skapa óvissu um gildi samnings. Ákjósanlegur varnagli er t.a.m. að gefa höfundum færi á að rifta samning sem gerður hefur verið í umboði þeirra á grundvelli samningskvaða innan þriggja mánaða frá því að þeim var ljóst, eða mátti vera ljóst, að samningur var gerður.

Þá þyrfti einnig að leggja þá skyldu á herðar rétthafasamtaka að tilkynna höfundum skriflega að slíkur samningur hafi verið gerður. Slíkt bréf getur verið staðlað og sent á lögheimili viðkomandi höfundar skv. Þjóðskrá. Kostnaður við slíka framkvæmd er því í lágmarki. Hafi rétthafi ekki lögheimili á Íslandi mætti birta tilkynningu um samninginn opinberlega. Þess má geta að hér er vísað til lágmarkskvaða þar sem upplýsingasamfélag nútímans býður upp á fjölda verkfæra til þess að hafa samband við fólk.

Ný grein mætti hljóða svo:

„Rétthafasamtök sem undirrita samning fyrir höfund á grundvelli laga þessara þurfa að gera höfundi viðvart með bréfi á lögheimili viðkomandi, sé hann staðsettur á Íslandi. Ellegar nægir opinber tilkynning til þeirra sem eiga lögheimili erlendis.

Höfundur getur rift samningi á þeim grundvelli sem 1. mgr. kveður á um innan þriggja mánaða sem höfundur var, eða mátti verða ljóst að slíkur samningur var gerður í umboði sínu án þess að bera kostnað af.”

Endurnýting hugmynda úr höfundavörðum verkum

Mikill ávinningur felst í að hægt sé að byggja á hugmyndum og verkum annarra t.d. til sköpunar nýrra verka. Slíkt dýnamískt flæði hugmynda er jafnframt grundvöllur hraðrar þróunar upplýsingasamfélaga. Frelsi hugmynda og upplýsinga til að birtast með mismunandi hætti í mismunandi formi skapar frjóan jarðveg þar sem enn aðrar hugmyndir spretta upp, vaxa og dafna. Framfarir í tækni og listum grundvallast á slíku umhverfi og framþróun samfélags í heild. Röksemdarfærsla greinargerðar frumvarpsins um mikilvægi samningskvaða styrkir þau rök ennfremur og skýrir að hluta samfélagslegan ávinning af slíku umhverfi. Þó verður að gæta þess, eins og með samningskvaðir, að réttur höfunda sé ekki skertur of mikið.

Að öllu jöfnu ber löggjafanum að koma í veg fyrir óvissu með skýrri löggjöf. Núverandi frumvarp tryggir að engu leyti almennan rétt til að vinna úr hugmyndum samtímans. Ákjósanlegt er að tryggja almennan rétt til að vísa í, vinna úr og nýta hugmyndir verka annara. Sá réttur er vissulega til staðar t.a.m. í mjög afmörkuðu ljósi skv. öðrum kafla höfundalaga, en mikil réttaróvissa ríkir um nákvæmlega upp að hvaða marki sá réttur nær umfram þau tilgreindu tilvik sem lögin taka til.

Nauðsynlegt er að lögin ráði úr þeirri réttaróvissu og tryggi almennan rétt allra til þess að endurvinna hugmyndir annarra. Því legg ég til tvær breytingar að lögum hvað þetta varðar.

Í fyrsta lagi varðandi 2. mgr. 4. gr. núgildandi laga sem hljóðar svo „Óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.“

Þá verður að skýra inntak hugtaksins höfundarsérkenni, enda ræðst skilningur á því hversu langt megi ganga í að „breyta“ verki. Mæli ég með að fellt sé út hugtakið „höfundarheiður“, enda verða verk að þurfa þola það að hæðst sé að þeim eða gert skil í neikvæðu ljósi; annað myndi takmarka tjáningarfrelsið á ómálefnalegum forsendum. Þá er ennfremur lagaleg umgjörð ærumeiðinga nægileg til að tryggja að ekki sé vegið að æru höfunda.

Hægt væri að bæta við lagaákvæði sem kveður á um almenn réttindi annarra en rétthafa t.d. með:

„Þrátt fyrir 2. mgr. 4. gr. er þó leyfilegt að breyta, vísa í eða vinna úr hugmyndum verka í nýtt verk en þó aðeins þannig að augljóst er að ekki er lengur um sama verk að ræða og ekki sé verið að notfæra sér höfundarsérkenni til ávinnings með ólögætum hætti.”

Í annan stað má bæta fyrirkomulagið varðandi gildistíma höfundaréttar. Í 43. gr. núgildandi laga er rétturinn varinn til 70 ára og skv. 44. gr. til 25 ára. Meirihluti höfunda verka hafa þó ekkert á móti því að verk þeirra og hugmyndir séu nýttar eftir ákveðinn tíma. Í sinni núverandi mynd sporna lögin hins vegar gegn samnýtingu hugmynda og flæði upplýsinga sem höfundar eru langt í frá mótfallnir að deila samfélaginu öllu til góða.

Til þess að lögin gæti hagsmuna rétthafa sem og samfélagsins í heild legg ég til að sú skylda verði lögð á herðar höfunda að þurfa á årsgrundvelli að endurnýja rétt sinn til höfundarréttar að ákveðnum tíma liðnum. Þá gæti tíminn verið stytur í 10 ár skv. 43. gr. en þó með þeim hætti að höfundur eigi rétt á höfundarréttarlegri vernd sinni allt að 70 árum eftir að réttarstaðan tók gildi en verði að tilkynna það á årsgrundvelli eftir tíu ár. Þá verða stjórnvöld að áréttu, í það minnsta í upphafi eða mögulega á årsgrundvelli, tilkynningarskyldu rétthafa með bréfi á lögheimili viðkomandi, vilji hann halda til haga höfundaréttarvernd sinni. Slíkt hefur einhvern kostnað í för með sér. Þar sem slíkt bréf er staðlað og aðeins á årsgrundvelli eða einu sinni fyrir hvert verk er kosnaðurinn lítilræði miðað við þann samfélagslegan ávinning sem felst í slíku fyrirkomulagi.

Hafþór Sævarsson,
stjórnarformaður Unseen ehf.
hafthor@unseen.is